



Raunávöxtun LSR 9,1%

Ávöxtun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) á árinu 2012 var sú besta um nokkurn tíma. Erlend hlutabréf í eignasöfnum sjóðanna standa undir drjúgum hluta ávöxtunarinnar en ávöxtun annarra eignaflokka gekk einnig vel.

Eignir LSR skiluðu 14,2% nafnávöxtun, sem svarar til hreinnar raunávöxtunar upp á 9,1%. Nafnávöxtun LH var 14,8% árið 2012 sem svarar til 9,6% hreinnar raunávöxtunar. Sjá nánar á bls. 2 - Gott ár að baki.

29 milljarðar í lífeyri – 15 þúsund lífeyrisþegar

Á árinu 2012 greiddu lífeyrissjóðir starfsmanna ríkisins, þ.e. A-deild, B-deild og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, ríflega 29 milljarða í lífeyri sem er 12,7% hækkun frá fyrra ári. Langstærstur hluti þeirrar fjárhæðar er lífeyrir úr B-deild eða 24 milljarðar. Af 15 þúsund lífeyrisþegum fá um 12 þúsund lífeyri úr B-deild þar sem meðalfjárhæðin var um 2 milljónir króna á árinu 2012.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga (iðgjaldagreiðenda) var samanlagt líðlega 30 þúsund. Af þeim fjölda eru ríflega 22 þúsund virkir greiðendur í A-deild og hefur þeim ekki fjölgað sl. fjögur á. Iðgjaldagreiðendum

hefur heldur fækkað bæði í B-deild og LH sem skýrist af því að þeim sjóðum var lokað í ársbyrjun 1997.

Nú fær um fjórðungur lífeyrisþega í B-deild LSR greiddan lífeyri sem tekur sömu breytingum og verða á kjarasamningum eða á launum eftirmanns. Þrír af hverjum fjórum lífeyrisþegum í B-deild LSR fá nú greiddan lífeyri sem fylgir sömu meðalhækkun og verður á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. Frá janúar 2012 til janúar 2013 hækkaði lífeyrir samkvæmt meðaltalsreglu um 5,6% á meðan kjarasamningar hækkuðu almennt um 3,5% í mars 2012.

Lögreglumenn ræddu lífeyrismál undir þaki hjá LSR. Aftari röð frá vinstri: Árni Vigfússon, Ólafur Guðmundur Emilsson, Óskar Þór Sigurðsson, Haraldur Sigurðsson, Guðmundur Einarsson, Björgvin Björgvinsson, Viðar Stefánsson, Óskar Sigurpálsson og Ægir Guðlaugsson. Fremri röð frá vinstri: Páll Ólafsson, deildarstjóri hjá LSR, Þorvaldur Kristjánsson, Steinar Adolffson, framkvæmdastjóri Landsambands lögreglumanna, og Kristinn Pedersen. Sjá nánar um nýjan fundarsal LSR að Engjateigi á bls. 3.

Sjóðfélagafundir í maí

LSR og LH boða til fjögurra funda með sjóðfélögum á vordögum til að ræða málefni sjóðanna. Sjóðfélagafundirnir verða að Engjateigi 11 í Reykjavík þriðjudaginn 28. og miðvikudaginn 29. maí kl. 8:32 og 16:18 báða dagana.

Sjóðfélagar skrái sig á þann fund sem þeim hentar með því að senda tölvupóst á lsr.is en nánari upplýsinga er hægt að sækja á heimasíðu LSR, lsr.is.

Pappír á undanhaldi

Stórlega hefur dregið úr pappír-
notkun í starfsemi LSR, eins og
að var stefnt með samstarfi við
Gagnavörsluna um nýtt skjala- og
upplýsingakerfi sjóðsins. Verkefnið er á lokaspretti og því lýkur
að fullu með haustinu. Áhrif breyt-
ingarinnar sjást nú þegar með því
að skönnun skjala hefur dregið úr
pappírnotkun svo um munar.

Sjóðirnir spara líka mikla fjármuni
með því að senda launaseðla raf-
rænt í heimabanka í stað þess að
prenta þá mánaðarlega á pappír
og póstsenda lífeyrisþegum. Af
15 þúsund lífeyrisþegum fá um 3
þúsund sendan launaseðil á papp-
ír en allir fá þó seðilinn í heima-
bankann.

Virkir sjóðfélagar fá með fréttabréfinu yfirlit áunninna réttinda í sjóðunum í samræmi við lög um lífeyrissjóði. Margir sjóðfélagar afþakka útprentuð yfirlit og fylgjast í staðinn með stöðu mála á sjóðfélagavefnum sínum og spara þannig pappír. En betur má ef duga skal og nú verður stefnan tekin á póstlista þar sem hægt verður að skrá sig og óska eftir rafrænum upplýsingum eingöngu.



Starfsmenn Gagnavörslunnar afhentu framkvæmdastjóra LSR blómvönd þegar tveggja ára samstarfsverkefni lauk.



Starfsmenn eignastýringar LSR: Björn Hjaltested Gunnarsson, Halla Kristjánsdóttir, Baldur Vilhjálmsson forstöðumaður og Birgir Stefánsson.

Gott ár að baki

Ávöxtun sjóða LSR og LH á síðasta ári var sú besta um nokkurn tíma og nam hrein raunávöxtun LSR 9,1% og LH 9,6%. Samanlagðar eignir sjóðanna beggja voru liðlega 460 milljarðar króna í lok árs 2012 og jukust á árinu um 14,8%. Þess má geta að eignirnar jukust á þremur árum, 2010-2012, um 111 milljarða króna sem að stærstum hluta má rekja til tekna af fjárfestingum.

LSR og LH eru með tiltölulega hátt hlutfall erlendra eigna miðað við lífeyrissjóði yfirleitt. Um 30% heildareigna voru í erlendum verðbréfum í lok ársins, einkum hlutabréfum. Þessar eignir eru mjög dreifðar eftir stærð, staðsetningu og atvinnugreinum í hlutabréfasjóðum víðs vegar um heiminn.

Raunávöxtun innlendra skuldabréfa LSR og LH var vel viðunandi. Innlend skuldabréf eru langstærsti hluti eigna sjóðanna eða nær 58%.


Innlend hlutabréf nema 4,9% af heildareignum sjóðanna. Þau ávöxtuðust umtalsvert betur en áður eftir efnahagshrunið 2008. Tiltölulega fá félög voru drifkraftar þessarar verðmætaaukningar.

Ástandið var að ýmsu leyti sérstakt á árinu 2012 og því óvarlegt að ætla að þróunin á hlutabréfamarkaði þá segi fyrir um hvað gerist á þessum markaði í ár og framvegis. Því skal samt til haga haldið að á árinu 2012 tókst að eyða að miklu leyti óvissu sem ríkt hafði í starfsemi lífeyrissjóða vegna „eftirhrunsmála“ á borð við gjald-eyrisskiptasamninga við þrotabú föllnu banka og ýmis erfið kröfuhafamál.


Þegar hins vegar horft er fram á veginn hljóta gjaldeyrishöftin og afleiðingar þeirra að teljast mesta áhyggjuefnið. Nauðsynlegt er fyrir íslenska lífeyrissjóði að geta dreift eignum sínum og áhættu með fjárfestingum erlendis. Lífeyrissjóðirnir geta ekki annað en fjölgað eggjum í sömu körfunni hér heima þegar þeir eru afgirtir

á þennan hátt. Höftin skapa í sjálfu sér ákveðna kerfisáhættu fyrir lífeyrissjóðakerfið þegar til lengri tíma er litið.

Hrein eign til greiðslu lífeyris



Verðbréfaeign LSR og LH 2012



Ráðgjafar til þjónustu reiðubúnir

„Sjóðfélögum stendur nú til boða meiri og betri þjónusta en unnt var að veita í fyrri húsakynnum. Sjóðfélagar koma beint inn í móttöku á jarðhæð og fá þar allar upplýsingar um lána- og lífeyrismál. Ef erindin kalla á að fleiri komi að þeim fáum við lögræðinga sjóðsins eða starfsmenn úr öðrum deildum að borðinu líka,“ segir Kristín Nielsen, deildarstjóri þjónustudeildar LSR.

Þjónustudeildin var sett á laggir eftir flutning LSR að Engjateigi 11 og með Kristínu starfa þar fjórir ráðgjafar og móttökuritari. Þetta er með öðrum orðum „framlínan“ gagnvart sjóðfélögum sem erindi eiga við LSR hvort heldur þeir mæta í eigin persónu, hringja eða skrifa tölvupóst.

Sumum erindum er auðvelt að svara, jafnvel með því að vísa viðkomandi á heimasíðuna, lsr.is. Önnur erindi kunna að vera þess eðlis að þeim sé vísað til meðferðar í öðrum deildum sjóðsins. Algengustu erindin varða upplýsingar um lán og lífeyri og þjónusturáðgjafarnir leysa þau oftast á staðnum og stundinni.

„Þegar allt kemur til alls gagnast bein samskipti bæði sjóðfélögum og sjóðnum sjálfum. Við getum miðlað upplýsingum milliliðalaust og skynjum jafnframt hvort og þá hvernig

sjóðurinn getur bætt upplýsingamiðlun sína og þjónustu gagnvart sjóðfélögum. Í stefnu-yfirlýsingu sjóðanna tveggja, LSR og LH, er kveðið á um fyrirmyndarþjónustu, öfluga upplýsingamiðlun og ábyrga starfshætti með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Vonandi skynja sjóðfélagarnir inntakið í stefnuyfirlýsingunni í verki þegar þeir koma til okkar eða hafa samband í síma eða með tölvupósti.“



Ráðgjafarhlutverkið er krefjandi og gerir miklar kröfur um þekkingu á lögum og reglum sjóðsins. Hér bera þær saman bækur sínar Kristín Nielsen deildarstjóri og Íris Guðmundsdóttir þjónusturáðgjafi.

Erfidrykkjan

Saga er sögð af eldri manni sem undirbúið hafði vel að ljúka jarðvist sinni og ávarpaði því næst aðstandendur sína: „Þið sjáið svo um erfidrykkjuna, ég get ekkert staðið í því!“

Meðal þess sem lífeyrisþegar leiða hugann að er makalífeyrir en mismunandi reglur gilda fyrir A-deild og B-deild í þeim efnum. Makalífeyrir í A-deild er tíma-bundinn; helmingur af áunnum rétti er greiddur í þrjú ár en fjórðungur í tvö ár. Í B-deild LSR og LH er makalífeyrir ótímabundinn. Greiddur er helmingur af réttindum hins látna og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eru greidd 20% til viðbótar. Hafi látinn sjóðfélagi í B-deild eða LH átt fleiri en einn maka á sjóðfélagatímanum þarf einnig að huga að réttindum þeirra. Makalífeyrir fellur hins vegar niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju.

Stundum er spurt hvort lífeyris-sjóðurinn veiti útfararstyrk. Svo er ekki. Stéttarfélag veita mörg hver slíkan styrk og er sjóðfélögum bent á að afla sér upplýsinga þar.

Eftirlifandi maki nýtur persónu-afsláttar hins látna í átta mánuði en að þeim tíma liðnum fellur hann niður.

Fundarsalur að Engjateigi



Aðstæður eru nú til þess að efna til fjölmennra funda í húsakynnum LSR. Á neðstu hæð að Engjateigi er bjartur og vistlegur salur sem starfsmenn sjóðsins matast í en er jafnframt salur þar sem allt að 80 manns geta setið fundi. Slíkar aðstæður voru ekki fyrir hendi í fyrri húsakynnum sjóðsins og skapa auðvitað möguleika fyrir LSR að ræða á heimavelli við tugi sjóðfélaga í einu að frumkvæði þeirra eða sjóðsins.

Meðfylgjandi mynd var tekin á fundi nokkurra lögreglumanna og Steinars Adolfssonar, framkvæmdastjóra Landssambands lögreglumanna, með Páli Ólafssyni, deildarstjóra hjá LSR. Lögreglumennirnir áttu það sameiginlegt að vera nýlega komnir á eftirlaun eða að nálgast

upphaf eftirlaunaskiðs síns síðar á árinu 2013 eða á árinu 2014.

Margar spurningar vakna við slík tímamót og Páll hafði frumkvæði að því að boða til fundarins til að fjalla um málið og svara spurningum. Það sýndi sig vera bæði tímabært og þarft.

Daufur er dellulaus maður, segir máltaekið. Við starfslok er mikilvægt að hafa áhugamál til að sinna. Gleymum þeim ekki í amstri dagsins.

Kannski við ættum að leiða hugann að því hvar við viljum vera stödd þegar kemur að því að við hættum að vinna? „Það er betra að taka fjallatoppa fyrst og eiga flatirnar á golfvöllum eftir fyrir seinni tíma“ sagði einn. „Það má þó ekki geyma það of lengi að byrja ef maður ætlar að spila golf á efri árum“, sagði annar. „Það sem skiptir öllu máli er að hafa eitthvað fyrir stafni fyrir hádegi og líka eftir hádegi“ sagði sá þriðji. Fundurinn stóð yfir á aðra klukkustund, mörgum lá margt á hjarta og umræður voru bæði líflegar og upplýsandi.

gott að vita

Fræðsluvefur lífeyrissjóðanna, Gott að vita, veitir mikilvægar upplýsingar um lífeyrismál gottadvita.is

Hvar á ég lífeyrisrétt?

Þegar þú sækir um lífeyri er kann- að hvort þú átt réttindi í fleiri líf- eyrissjóðum. Kölluð er fram skrá sem sýnir alla innlenda lífeyris- sjóði sem þú hefur greitt til um ævina. Þú getur óskað eftir því að umsókn þín um lífeyri verði send áfram til annarra sjóða en hafa verður í huga að almennur lífeyris- tókualdur er ekki sá sami í öllum sjóðum. Í A-deild LSR er hann 65 ár en í flestum öðrum stigasjóðum er hann 67 ár, án skerðingar.

Hægt er að hefja töku lífeyris úr A- deild LSR allt frá 60 ára aldri en við það skerðast réttindin. Í flestum öðrum stigasjóðum er heimilt að taka lífeyri með skerðingu frá 65 ára aldri. Rétt er að kynna sér í tíma hvar réttindin liggja og hversu hár lífeyrinn kann að verða.

Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.
Ábyrgðarmaður: Haukur Hafsteinsson
Umsjón: Páll Ólafsson
Hönnun og umbrot: Tómas Tómasson
Prentun: Svansprent

Símatími 9:00–16:00
Afgreiðslutími 9:00–15:30



Valdimar Gunnarsson við hús þeirra hjóna að Rein II, sannkallaðan sælureit í Eyjafjarðarsveit.

Hættir leik þá hæst fram fer

„Í páskaegginu mínu í ár var málshátturinn „Gott er að hætta hverjum leik þá hæst fram fer“. Ætli það eigi ekki ágætlega við? Ég gat farið á eftirlaun fyrir fimm árum í samræmi við 95 ára regluna en var ekki tilbúinn þá. Nú er tíminn kominn og ég tel mig hætta á toppnum!“ segir Valdimar Gunnarsson, kennari í Menntaskólanum á Akureyri. Hann skilur í vor við vinnustaðinn sinn til 40 ára og verður eftirlaunamaður frá og með 1. september. Valdimar hóf starfsferilinn sem grunnskólakennari í eitt ár, fékkst við búskap í Eyjafirði í tvö ár en lífið hefur að öðru leyti verið MA, alla vega hvað vinnu varðar. Eiginkonan, Svava Jóhannsdóttir, fer á eftirlaun um áramótin og framundan eru því kaflaskil í lífi og starfi þeirra beggja.

„Hið eina sem ég kvíði núna er að mæta ekki lengur til starfa á góðum vinnustað og hitta samstarfsfólkið, þennan góða og skemmtilega hóp. Ég gat svo sem hætt fyrir fimm árum, samkvæmt 95 ára reglunni en satt að segja fannst mér ég vera vera vel fær um að halda áfram. Ég finn ekki fyrir þreytu og gæti út af fyrir sig haldið áfram en kennslan er starf af því tagi sem menn mega ekki kulna í. Best er fyrir allt og alla að hætta þegar menn eru í fullu fjöri.“

Valdimar og Svava hafa greitt í séreignarsjóð undanfarin áratug og sú búbot kemur sér auðvitað vel þegar starfsferli þeirra lýkur. Valdimar

segist að öðru leyti lítið hafa gert til að búa sig beinlínis undir breytinguna.

„Við finnum ekki fyrir því að borga í séreignarsjóð, sem er bæði heppilegt og skynsamlegt sparnaðarform. Mér sýnist að samanlagðar greiðslur úr lífeyrisjóði ríkisstarfsmanna og úr eigin séreignarsjóði næstu tíu árin verði álíka upphæð og launatekjurnar nú. Lítil sem engin breyting er því fjörsjáanleg að því leyti.


Aðalbreytingin verður hins vegar sú að halda sumarfríinu áfram þegar haustar og vetur sest síðan að! Meiriháttar breytingar á lífsstíl sé ég annars ekki fyrir mér. Ég býst reyndar við því að við munum ferðast frekar að vetrarlagi næstu árin og flýja myrkur og kulda, sem við höfum ekki haft mörg tækifæri til hingað til. Við hjón eigum það sameiginlegt að hafa gaman af stangveiði en ég hef ekki verið duglegur að koma mér upp dellu af neinu tagi. Fékk að vísu snert af tölvudellu á sínum tíma og er bærilega settur á því sviði en reikna til dæmis ekki með því að hella mér út í golf á efri árum.

Aðalatriðið er að vera vera sáttur og tilbúinn í kaflaskiptin og það er ég vissulega, einkum eftir allra síðustu árin í MA. Sá tími hefur satt að segja verið alveg ótrúlega skemmtilegur.“

Lán hjá LSR

Á heimasíðuni lsr.is má lesa gagnlegar upplýsingar um rétt til þess að fá lán hjá LSR:

„Það eru ekki aðeins virkir sjóðfélagar sem eiga rétt á láni, þ.e. þeir sem eru að greiða iðgjald til sjóðsins, heldur einnig þeir sem hafa einhvern tímann greitt til sjóðsins en gera það ekki lengur. Lífeyrisþegar, hvort sem um er að ræða elli-, maka- eða örorkulífeyrisþega, eiga einnig rétt á láni. Þá hafa þeir einnig lánsrétt sem keypt hafa fasteign með áhvílandi láni frá LSR.“



Þeir sem hyggjast sækja um lífeyrissjóðslán ættu að huga að þeim gögnum sem hafa þarf meðferðis til að spara tímann og ferðirnar.



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11 • 105 Reykjavík • Sími: 510 6100

lsr.is